

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR OG
SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR

Á VALDI ÁSTARINNAR

Markaðslegur tilgangur og félagslegt taumhald hugmyndarinnar um rómantíska ást

Ást er ...

Ástinni hefur verið lýst sem náttúruafli, óskilgreindri og óskilgreinanlegri tilfinningu, orku sem flæðir í gegnum fólk, upphafinni, vímukenndri alsælu, ömurlegri ormagryfju þjáninga og sorgar og svo mætti lengi telja. Hún hefur líka verið notuð til að skýra allt frá náttúruyfyrirbærum yfir í stríðsrekstur og selja allt frá smurolíu og sólarlandaferðum yfir í lífsstíl og hugmyndir um frelsi og kynhlutverk. Ástarsögur eiga sér djúpar rætur í vestrænni menningu sem þjóðsögur, goðsögur og ævintýri, leikrit, ljóð og skáldverk. En af hverju þurfum við svo mjög á þessum goðsögum að halda? Hver hefur hag af því að viðhalda þeim og hvernig nýtast þær til að viðhalda valdakerfum og hugmyndafræði?

Hér er til umfjöllunar hugmyndin um rómantíska ást eins og hún birtist í samfélagssamræðu og dægurmenningu. Meginmarkmiðið er að skoða hvaða myndir hún hefur tekið á sig í vestrænni menningu undanfarin hundrað ár eða svo, að hvaða leyti sú hugmynd er félagslega mótuð og þá í hvaða tilgangi og hvaða áhrif hún hefur á samfélagsuppbyggingu. Aðaláhersla okkar er á það hvernig hugmyndin um rómantíska ást viðheldur ójafnri stöðu kynjanna og hvernig henni er beitt til að fá konur til að gefa af ástarkrafti sínum. Áherslan er því fyrst og fremst á stöðu kvenna þó staða karla í þessu samhengi sé að sjálfsgöðu líka verðugt rannsóknarefni.

Til grundvallar verða einkum lagðar kenningar tveggja vísindakvenna sem hafa báðar helgað starfsferil sinn því að rannsaka ástina. Dr. Anna Guð-



Ritið
2. tbl. 21. árg. 2021 (7-34)
Ritrynd grein

© 2021 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.21.2.2
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

rún Jónasdóttir stjórnfræðingur er upphafskona hugtaksins ástarrannsóknir (e. *love studies*), sem akademísks rannsóknarviðs þar sem greind eru valdatengsl í ástar- og kynlífssamskiptum. Kenningar hennar um ástarkraftinn (e. *love power*) eru tilraun til að svara því hvað í samskiptum kynjanna valdi því að svo erfitt sé að uppræta kynjamisrétti. Hún segir að ástæðan sé sú að karlar gangi að ástarkrafti kvenna sér til næringar en konur gefi meira af ástarkrafti en þær fái og þetta ójafnvægi endurspeglar svo á öðrum sviðum samfélagsins. Eva Illouz er félagsfræðiprófessor sem hefur rannsakað ást sem hreyfiafl í markaðshagkerfinu og skoðað væntingar fólks og upplifun af ást og ástarsamböndum. Hún hefur komist að þeirri niðurstöðu að konur séu bæði stærri markhópur fyrir hugmyndina um rómantíska ást og líklegri til að bera skarðan hlut frá því borði en karlar.

Rannsóknarspurningin sem við leggjum upp með hér er hvort áhersla í dægurmenningu á að fá konur til að velja sjálfar að veita körlum af ástarkrafti sínum hafi vaxið í beinu hlutfalli við aukin réttindi kvenna á tuttugustu öld. Það könnum við með því að lesa saman kenningar Önnu Guðrúnar Jónasdóttur og Evu Illouz um ástina og ástarkraftinn og kenningar Horkheimer og Adorno um menningariðnaðinn sem mótar hugarfar almennings í þágu ráðandi afla. Á þessum grunni færur við rök fyrir því að samskipti kynjanna lúti í dag markaðslögmálum, þar sem konur skipta út frá skortstöðu og er talin trú um að það sem þær hafi að gefa sé minna virði en það er. Samkvæmt kenningum beggja þessara fræðikvenna þurfa karlar þó mun meira á ást kvenna að halda en öfugt. Við könnum þetta með því að greina orðræðu dægurmennningar, meðal annars í kvikmyndum og barnaefni, með áherslu á ástarsamskipti milli gagnkynhneigðra einstaklinga í einkvænissamhengi og birtingarmyndir kvenna og þess hvernig þær veita ást sína. Vegna takmarkaðs rýmis verður áherslan á gagnkynhneigð sambönd en sambönd samkynhneigðra og sambandsgerðir sem fara út fyrir staðlaða gagnkynhneigð, eins og fjölástir, verða ekki krufin hér.

Allt fyrir ástina

Anna Guðrún Jónasdóttir og Eva Illouz nálgast báðar ástarhugtakið gegnum marxíska hugmyndafræði um framboð og eftirspurn, vinnuafli og auðmagn. Ástin hefur löngum haft skýr tengsl við neyslu því eins og Eva Illouz¹ bendir á tengjum við oft veraldlegar eignir og upplifanir sem fást fyrir fé við sanna

¹ Eva Illouz, *Consuming the Romantic Utopia. Love and the Cultural Contradictions of Capitalism*, Berkeley: University of California Press, 1997; Eva Illouz, *The End of Love. A Sociology of Negative Relations*, New York: Oxford University Press, 2018.

ást. Illouz verður tíðrætt um frelsi einstaklingsins í þessu samhengi, en sú hugmynd er einnig rótgróin í kapítalisma. Rómantísk ást hefur löngum verið tákn uppreisnar einstaklingsins gegn ríkjandi kerfi. Úr vestrænni menningarsögu er nóg að minnast á Orfeus og Evridísi, Rómeó og Júlíu og Tristan og Ísold sem dæmi um rómantíska ást sem nær út yfir gróf og dauða og gerir uppreisn gegn ríkjandi viðmiðum og hjónabandinu, feðraveldinu, trúarlegum yfirvöldum og samfélagslegu taumhaldi.² Sögur af rómantísku ástinni enduðu oft illa, til áminningar um hversu hættulegt það er að láta undan löngunum sínum og berjast fyrir frelsi einstaklingsins. Dauðdagi elskendanna varð þó oftast en ekki lofgjörð til píslarvættis frelsisins sem birtist í því að láta ekki kerfið stjórna tilfinningum sínum og þrám. Nánast má segja að þar hafi orðið til siðferðisleg skylda til að framfylgja löngunum sínum, að einstaklingshyggjan krefjist þess að hver og einn hámarki möguleika sína.

Við tökum undir það með Evu Illouz að ein ástæða þess hversu auðvelt var að tengja ástina við neyslu upp úr aldamótunum 1900 sé kapítalíska hugmyndin um frelsið til að njóta, sem er í beinu samhengi við frelsið til að neyta.³ Grunnstoð allrar neyslu umfram nauðþurftir byggir á því að fólk láti undan löngunum sínum og að venjulegt fólk noti kaupmátt sinn til að kaupa það sem hugurinn, hjartað og sálin girnast og telja sig verða að öðlast. Hugmyndin um rómantíska ást er oftast en ekki markaðssett sem blanda af hamingjusömu lífi til æviloka og „list augnabliksins“. Það er ekki skýtið að þessi hugmynd falli vel að þeirri kapítalísku tálsýn að hægt sé að kaupa allt, meira að segja hamingjuna. Þessar hugmyndir eiga stoð í eldri kenningum um dægurmenningu. Í grein sinni, „Menningariðnaður. Upplýsing sem múgsefjun“, sem kom út árið 1947 bentu Horkheimer og Adorno á að dægurmenningariðnaðurinn væri tól kapítalismans til að stýra almenningi í átt að aðgerðaleysi og gervisátt svo fólk yrði hlutlaust og rólegt, sama hversu erfiðar eða þvingandi aðstæður þess væru. Þeir halda því fram að dægurmenningin sé einföld og auðmelt, leiki á grunntilfinningar eins og losta, reiði, öfund og ást og veiti þannig bæði stýrða gerviútrás fyrir óþægilegar tilfinningar og ýti undir falskar þarfir sem aðeins varningur markaðarins geti uppfyllt.⁴

² Eva Illouz, *The End of Love*, bls. 6.

³ Eva Illouz, *Consuming the Romantic Utopia. Love and the Cultural Contradictions of Capitalism*, Berkeley: University of California Press á Amazon Kindle, 1997, loc. 471–551.

⁴ Max Horkheimer og Theodor W. Adorno, „Menningariðnaður. Upplýsing sem múgsefjun“, *Afangar í kvikmyndafræðum*, ritstj. Guðni Elísson, Benedikt Hjartarson þýddi, Reykjavík: Forlagið, 2003, bls. 234–270.

Út frá þessu má álykta að rómantísk ást (samkvæmt skilgreiningu markaðarins og dægurmennningarinnar) sé þrungin mótsögnum, hún upphefji einstaklingshyggjuna en sé samt ekki meðvituð eða skipulögð, láti ekki stjórnast af skynsemi eða skyldu heldur einhverju óskilgreinanlegu, nánast guðlegu affli, hún sé hedónísk og elti nautn augnabliksins og útópísk þar sem hugmyndin um hana er í eðli sínu hugmyndin um fullkomið ástand, alsælu þar sem ekkert skiptir máli nema ástin.

Ástin er markaðssett sem eitthvað sem allir eiga skilið, eigi jafnvel heimtingu á að upplifa. Enginn getur samt gefið skothelda formúlu fyrir því hvernig á að öðlast hana enda er hún í eðli sínu óskilgreinanleg. En ekki ber að örvænta þó að ástin virðist utan seilingar; það er hægt að fjárfesta í varningi og tileinka sér hegðun, langoftast neysluhegðun, sem mun mögulega færa fólk nær hinum sjálfsgöðu mannréttindum ástarinnar.⁵ Menningariðnaðurinn hefur búið til myndmál fyrir rómantík svo neytendur þekki umsvifalaust rómantískar aðstæður; bíóferð er rómantísk, gönguferð á hvíttri sandströnd er rómantísk og líka fallegar gjafir, akstur í blájubíl og ferðalag á framandi slóðir. Við erum sammála um þessar hugmyndir af því að við þekkjum þetta myndmál úr kvikmyndum og auglýsingum. Illouz gerir meðal annars grein fyrir rannsókn þar sem hún ræddi ýmsa þætti ástar og ímynda hennar við fimmtíu einstaklinga. Hver og einn taldi sig hafa upplifað einstaka reynslu en í ljós kom að flestir greina rómantískt myndmál á svipaðan hátt.⁶ Þetta myndmál er mest tengt neyslu, beint eða óbeint: Máltíð á veitingastað, ferðalag til útlanda; undirbúningur fyrir stefnumót sem felst í því að nota ýmsan varning til að gera sig aðlaðandi og það að kaupa eitthvað, kampavín, afskorin blóm, ný föt eða skartgrip og aðrar gjafir.

Hið rómantíska myndmál auglýsinga og þar af leiðandi neysluiðnaðarins er í tveimur lögum og vísar bæði til varnings og hegðunar.⁷ Þannig er visst hringferli í viðhaldi hugmyndarinnar um rómantíska ást í markaðsvæddum heimi og myndmálið þjónar þeim tilgangi „að staðfesta kerfið með því að setja það saman.“⁸ En hugmyndin um ástina og markaðinn snýst ekki bara um veraldlega hluti. Á markaðstorgi ástarinnar er höndlað með tilfinningar.

⁵ Eva Illouz, *Consuming the Romantic Utopia*, bls. 39.

⁶ Sama rit, bls. 132–157.

⁷ Sama rit, bls. 37.

⁸ Max Horkheimer og Theodor W. Adorno, „Menningariðnaður. Upplýsing sem mágsefjun“, bls. 220–240, hér bls. 238.

Markaðstorg ástarinnar

Árið 1991 spurði dr. Anna Guðrún Jónasdóttir spurningar í doktorsritgerð sinni og setti í kjölfarið fram kenningu um ástarkraft kvenna. Spurningin er einföld: Af hverju miðar svo hægt í átt til jafnréttis á Vesturlöndum, þrátt fyrir lagasetningar og yfirlýstan vilja stjórnvalda? Anna komst að þeirri niðurstöðu að skoða þyrfti samskipti kynjanna með hliðsjón af kynferði og ást frekar en hagkerfi og vinnu. Hún svaraði spurningunni um af hverju samfélagið hefði ekki færst nær jafnrétti með eftirfarandi fullyrðingu:

Spurt er: Hvað er verið að gera okkur sem konum í vestrænu, frjálssu jafnréttissamfélagi í feðraveldi. Svar mitt er: karlar hagnýta tiltekna auðlind í konum, ástarkraftinn. Um þetta snýst vestræn kynjabaráttá í samtímanum.⁹

Ástarkrafturinn er, samkvæmt kenningum Önnu, sá sköpunarkraftur sem felst í því að búa til og ala upp einstaklinga og er sem slíkur grundvöllurinn að samfélagi manna. Hann er það sem nærir og endurnýjar lífsþrótt, öryggi og vellíðan. Anna segir að ástarkrafturinn sé, eins og vinnuaflið í kenningum Marx, bæði nýtanlegur og firrtur frá framleiðandanum og að í samtímanum hvíli feðraveldið á þessari nýtingu ástarkrafts kvenna. Hún vísar enn fremur í Marx þegar hún segir að vinnuaflið og ástarkrafturinn séu sambærileg öfl, sem þurfi til að skapa og viðhalda samfélögum, kraftur til breytinga sem einnig sé hægt að nýta með því að ná yfirráðum yfir honum.¹⁰

Anna segir enn fremur að vegna stöðu kvenna sem „hins kynsins“ hafi þær ekki vald til að nota ástarkraftinn fyrir sjálfar sig eða ákveða yfirhöfuð hvernig honum skuli beitt.¹¹ Anna telur að í nánnum tilfinninga- eða ástarsamböndum séu konur tilfinningalegar orkuveitur. Til þeirra sækja karlar styrkingu á sjálfsmynd sinni og endurframleiði vald sitt. Vald karla er þannig uppsöfnuð ást frá ástarveitum, sem eru í nær öllum tilfellum konur. Konur fáí hins vegar ekki samsvarandi staðfestingu á gildi sínu frá körlum¹² en bæði körlum og konum finnist þetta eðlilegt ástand.

⁹ Anna G. Jónasdóttir, *Love Power and Political Interests. Towards a Theory of Patriarchy in Contemporary Western Societies*, Örebro Studies, Svíþjóð: University of Örebro, 1991, bls. 212. Þýðingar eru eftir greinarhöfundana nema annað sé tekið fram.

¹⁰ Anna G. Jónasdóttir, „The Difference that Love (Power) makes“, *Feminism and the Power of Love*, ritstj. A. García-Andrade, Lena Gunnarsson og Anna G. Jónasdóttir, London: Routledge, 2018, bls. 15–36.

¹¹ Anna G. Jónasdóttir, *Love Power and Political Interests*, bls. 222.

¹² Anna G. Jónasdóttir, „The Difference that Love (Power) makes“, bls. 25.

Anna orðar það svo að ástarhagkerfið sé smættuð mynd af heiminum þar sem konur megi hafa áhrif en ekki völd, og réttindi sem manneskjur en ekki sem konur.¹³ Kenning hennar er sú að til að ná framförum í átt til kynjajafnréttis verði að rannsaka ástarsamskipti kynjanna ekki síður, og jafnvel frekar, en efnahagsleg og félagsleg samskipti þeirra þar sem það samskiptamynstur sem hefur yfirhöndina í dag gangi út á að konur gefi körlum ástarkraft sinn af fúsum og frjálsum vilja og þar með nýtist hann ekki þeim sjálfum.¹⁴

Á ástarmarkaðnum, þar sem karlar og konur mætast til að skiptast á ást og velja sér maka, kemur í ljós að konur gefa meira en þær fá og taka ábyrgð á samskiptunum, hvort sem þær eru gerendur eða ekki. Í bókinni *Why Love Hurts* bendir Eva Illouz á að konum sé kennt, af sálfræðingum, kvenna-blöðum og dægurmenningu, að vonbrigði þeirra í ástum séu þeim sjálfum að kenna; að vanlíðan byggji á viðbrögðum sjálfsins við áreiti, frekar en áreitinu sjálfu og að sjálfíð geti sjálfu sér um kennt að þurfa þessa utanaðkomandi viðurkenningu.¹⁵

Konur bera því ábyrgð á eigin þörf fyrir félagslega viðurkenningu og er bannað að álása öðrum en sjálfum sér ef þær upplifa sársauka, svik eða skort í ástum. Náin samskipti í nútímanum eru jú byggð á sammingsbundnu frelsi. Það frelsi útilokar að sá sem dregur sig í hlé eða lokar á ástarsamband beri nokkra ábyrgð þar sem tilfinningar viðkomandi hafa breyst og það þýðir ekkert að fást um það.¹⁶ Og þar sem feðraveldið kveður á um að viðurkenning karla sé grundvallaratriði fyrir bæði karla og konur¹⁷ er viðurkenning karlmanns á konu, sem líklegast er að hún fái gegnum áhuga hans á henni sem ástarveitanda og kynveru, staðfesting á gildi hennar sem manneskju, staðfesting sem aðeins verður viðhaldið með því að gefa meiri ást.

Ástarkrafturinn birtist í því, samkvæmt Önnu G. Jónasdóttur, að konur taka oftast en ekki skilyrðislausu ábyrgð á öllu sem viðkemur félagslegu tengslaneti, umönnun og tilfinningaumsjón í samfélaginu. Hann er því einstaklingum nauðsynlegur, sem og samfélaginu. Kynin eru hins vegar í ólíkri stöðu gagnvart hagnýtingu ástarkraftsins. Konur njóta sjaldan ástarkrafts nema þær láti hann fyrst af hendi. Með öðrum orðum hafa þær ekki vald yfir því hvort þær gefa ást ef þær ætla að fá hana til baka, öfugt við karla sem fá

¹³ Anna G. Jónasdóttir, „The Difference that Love (Power) makes“, bls. 38.

¹⁴ Anna G. Jónasdóttir, *Love Power and Political Interests*, bls. 221.

¹⁵ Eva Illouz, *Why Love Hurts. A Sociological Explanation*, Cambridge: Polity Press, 2013, bls. 151.

¹⁶ Sama heimild, bls. 148.

¹⁷ Sama heimild, bls. 155.

ást skilyrðislaust. Þetta veldur ójafnvægi á hinum frjálsa markaði ástarinnar, í ástarhagkerfinu.

„... *eina sem aldrei nóg er af*“¹⁸

Lögmálið um framboð og eftirspurn á við í ástarhagkerfinu eins og annars staðar og þar getur komið upp skortstaða, sem getur haft sömu áhrif og harkaleg afeitrun, enda telja sumir vísindamenn rómantíska ást jafn ávanabindandi og kókaín.¹⁹ Hugmyndin um ástina sem særir á veglegan sess í menningunni, samanber þann fjölda dægurlaga sem fjalla um efnið.²⁰ Í *Why Love Hurts* byggir Eva Illouz á fyrri rannsóknum sínum um hvernig rómantísk ást er framleidd en kannar svo hvernig hún þrífst á samskiptamarkaði þar sem eigast við einstaklingar í ólíkri valdastöðu og hvernig það ástand skilgreini skilmála ástarinnar.²¹ Hún segir enn fremur að ástarþjáning nútímafólks stafi af óreiðu sem skapaðist þegar stéttaskipting og kynjahlutverk riðluðust í byrjun tuttugustu aldar, þegar millistéttin styrktist og stéttaflakk leyfðist og hjónabönd voru ekki lengur skipulögð af samfélaginu²² heldur byggðust á óskilgreinanlegum og upphöfnum tilfinningum. Aldagamalt regluverk var úrelt og í staðinn komu bara hugmyndir um hvernig hlutir ættu að vera og ófullnægja þegar þeir voru ekki þannig.

Í dag má segja að menningin búi konur betur undir það að lenda í ástarsorg en karla, þótt deila megi um hvort fráhvörf þeirra séu sterkari eða sorgin dýpri. Kennslugögn ástarinnar eru aðallega ástarsögur, prinsessumyndir Disney, sjálfshjálparbækur og rómantískar gamanmyndir, að ógleymdri

¹⁸ Páll Óskar Hjálmtýsson, „Allt fyrir ástina“, Reykjavík: Pop ehf, 2007.

¹⁹ Michel Reynaud, Laurent Karila, Lisa Blecha og Amine Benyamina, „Is Love Passion an Addictive Disorder?“ *The American Journal of Drug and Alcohol Abuse. Encompassing All Addictive Disorders* 36:5/2010; Guy Winch, „How to Recover from Romantic Heartbreak. Use “negative reappraisal,” and understand you have work to do—time alone may not be enough“, *Scientific American*, sótt 24. júní 2021 af <https://www.scientificamerican.com/article/how-to-recover-from-romantic-heartbreak/>.

²⁰ Þann 17. nóvember 2020 birti tímaritið *TimeOut* til dæmis greinina „50 best break up songs“ og segir í upphafi að flest bestu popplögin sem samin hafa verið séu sótt í þessa „uppsprettu þjáningar“, sótt 15. september 2021 af <https://www.timeout.com/newyork/music/50-best-breakup-songs>.

²¹ Eva Illouz, *Why Love Hurts*, bls. 6.

²² Menelaos Apostolou, Jiaqing O og Gianluca Esposito, „Singles’ Reasons for Being Single. Empirical Evidence From an Evolutionary Perspective“, *Frontiers in Psychology* 11/2020, bls. 2.

mettun markaðarins af rómantísku myndmáli sem einkum er ætlað stelpum og konum.²³ Samkvæmt þessum kennslugögnum er hamingja af völdum ástarinnar svo eftirsóknarverð að hún hreinlega gerir lífið þess virði að lifa því. Þjáningin er síðan kynnt sem nauðsynleg og jafnvel eftirsóknarverð, stundum sett fram sem einhvers konar þrautabraut þar sem sú sem elskar verður að þjást til að eiga skilið sæluna sem fylgir sannri ást.

Illouz bendir á að í nútímanum þar sem sjálfsmynd einstaklinga byggir svo mjög á viðurkenningu umhverfisins sé það að vera í rómantísku ástarsambandi eitt það mest virðisaukandi sem einstaklingur geti upplifað.²⁴ Næríngin, sem hugmyndin um rómantíska ást gefur einstaklingnum, felst fyrst og fremst í því að ástin sé gefin af fúsum og frjálsum vilja, það er ekki veitt af skyldu eða gegn greiðslu heldur einfaldlega af því að ástarþeginn er hennar verðugur. Um leið og ástin er skuldbundin glatar hún sjálfri sér samkvæmt þeirri skilgreiningu að hún sé í eðli sínu aðeins til á einu augnabliki í senn og ekki sé hægt að skuldbinda framtíðartilfinningar. Höfnun í ástum er ná-tengd sjálfsmynd; ástæða sársauka og vanlíðunar hvílir alltaf hjá þeim sem er hafnað og tekur því of alvarlega.²⁵

Illouz beinir síðan sjónum sínum að „markaðinum“ þar sem varningurinn er kynlíf og/eða samband/hjónaband. Hún bendir á að þar eigi sér stundum stað viðskipti þar sem annar aðilinn sé að leita að kynlífi og hinn að sambandi og oftast sé mjög afgerandi kynjaslagsíða þar á, það er að segja að karlar leiti að kynlífi en konur að sambandi. Konum séu settar mun þrengri skorður, bæði til barneigna og vegna þess að „fegurð“ þeirra sem þeim er sagt að sé einn helsti gjaldmiðill þeirra á sambandsmarkaði fellur í verði með hækkandi aldri. Naomi Wolf segir í bók sinni um fegurðariðnaðinn að goðsagan um fegurð sé alltaf uppskrift að hegðun, að þeir fegurðarstaðlar sem haldið er að konum séu alltaf til þess ætlaðir að hvetja til hegðunar sem þjónar kröfum samfélagsins.²⁶ Tuttugustu aldar goðsagan um ástina er líka uppskrift að hegðun sem hefur kynlíf/rómantíska ást/samband að markmiði; konum ber að sækjast eftir ást og körlum að forðast hana.

Eitt lykilatriði varðandi valdamisræmið á ástarmarkaðinum er sú goðsaga að karlar séu „skuldbindingafælnir“ frá náttúrunnar hendi.²⁷ Til að vefengja

²³ Samanber til dæmis Eva Illouz, *Why Love Hurts*.

²⁴ Sama heimild, bls. 111.

²⁵ Sama heimild, bls. 149–155.

²⁶ Naomi Wolf, *The Beauty Myth. How Images of Beauty Are Used Against Women*, New York : HarperCollins e-books, 2002, bls. 14.

²⁷ Samkvæmt kenningum mannfræðingsins Helen E. Fisher er sú staðreynd að af-

Það bendir Illouz á að kapítalisminn hafi kynnt hugmyndina um valfrelsi inn á sambands- og tilfinningamarkaðinn. Meðfram því kom einnig fram sá möguleiki að hægt væri að rifta valinu, fara ekki inn í eða draga sig út úr samskiptum í ferli sem kalla má „að velja að velja ekki.“²⁸ Þar læra konur snemma um líffræðilegar tímatakmarkanir sínar á því að eignast börn. Um leið er þeim kennt að það að elska einhvern sé hlutverk þeirra og líklegasta leiðin til að þær fái ást á móti. Þess vegna eru þær bæði aðgengilegri og tilbúnari í ástarsamskipti en karlar. Þeir hafa á hinn bóginn vöðina, og þar með kvöðina, þar sem alltaf má búast við að önnur og betri kona sé handan við hornið.²⁹

Illouz bendir á að körlum sé innrætt að karlmennska þeirra felist í því að stunda kynlíf án tilfinninga og tengslamyndunar og þeir þurfi því ekki að leita á jafn örvæntingarfullan hátt að þeirri ást sem þeir þurfa.³⁰ Offramboð á ást kvenna geri það erfitt að meta virði hennar en skortur sé hins vegar mjög góður mælikvarði á hvers virði eitthvað sé.³¹ Þannig eru karlkyns viðmælendur Illouz oft „ástfangnir af ástinni“ auk þess að vera nánast þjakaðir af þeirri hugmynd að þeir þurfi að sanna karlmennsku sína fyrir öðrum körlum með því að stunda kynlíf með sem flestum konum og að skuldbinding sé því heftandi fyrir þá.³² Kona sem þráir skuldbindingu gjaldfellur á markaði, hún er bæði of auðveld/örvæntingarfull og reiðubúin til að gera hvað sem er og heftir líka möguleika karlsins á að staðfesta karlmennsku sína með sigrum yfir fleiri konum. Því meira sem kona lætur ganga á eftir sér, því meira er gildi hennar í augum karla á ástar- og sambandsmarkaðinum.³³ Konur fá þannig tvöföld skilaboð um kynlíf, annars vegar hafa þær kynhvöt sem hefur fengið æ meira opinbert vægi í dægurmenningunni undanfarna áratugi en þeim er hins vegar kennt að til að ná sér í maka verði þær að beina henni í „réttan“ farveg. Þær fá frekar þau skilaboð en karlar að þær eigi að verða og

kvæmi manna eru óvenju lengi að komast á legg miðað við önnur spendýr til marks um að til að koma genum sínum áfram hafi alltaf verið farsælla fyrir karldýr af mannkyni að vera til staðar og taka þátt í uppeldi afkvæmanna. Það sé því náttúruval að mannskarldýr séu í þeim hópi dýra sem dvelja og næra í stað þess að frjóvga og fara. Sjá nánar Helen E. Fisher, „Brains do it. Lust, attraction and attachment“, *Cerebrum*, 1. janúar 2000, sótt 24. júní 2021 af <http://www.dana.org/Default.aspx?id=39351>.

²⁸ Eva Illouz, *The End of Love. A Sociology of Negative Relations*, bls. 21.

²⁹ Eva Illouz, *Why Love Hurts*, bls. 95–96.

³⁰ Sama heimild, bls. 59–108.

³¹ Sama heimild, bls. 82.

³² Sama heimild, bls. 90–97.

³³ Sama heimild, bls. 85.

vera ástfangnar til að hafa rétt á/geta notið kynlífs og upplifað losta. Stundi þær kynlíf án tilfinninga eru þær smánaðar og taldar skorta sjálfsvirðingu.

Konur eru mun frekar en karlar aldar upp í þeirri hugmynd að félagslegt gildi þeirra ákvarðist af því hvort einhver elski þær á rómantískan hátt þar sem það er til marks um að sjálf þeirra sé viðurkennt af öðrum.³⁴ Það er því skiljanlegt að ástin særi þær frekar og öðruvísi en karlmenn. Sá sársauki snýst ekki bara um að missa og vera hafnað persónulega heldur líka um gildi einstaklingsins í samfélaginu. Jafnvel á tímum þegar jafnrétti er sagt til staðar verður ástarkrafturinn í augum kvenna að gjöf, færni sem hún á sjálf, ræður yfir og getur gefið.³⁵ Samfélög um allan heim hafa tekið skref í átt að jafnrétti kynjanna; með kosningarétti kvenna, rétti til eigna, til menntunar, starfa og svo framvegis. Hugmyndin um rómantíska ást hefur lengi verið rógroin en snerist til skamms tíma fyrst og fremst um frelsi og uppreisn gegn ríkjandi stéttahugmyndum og yfirvöldum sem birtist til dæmis í bókmenntatextum, samanber umræðu hér að framan. Hún var um leið andófsafl í samfélagi þar sem einkalíf og hjónabönd lutu stífum reglum sem bæði voru efnahagslegar og líffræðilegar, snerust um landgæði og genablöndun og tilfinningar komu þar hvergi nærri.³⁶ Rómantíska ástin var því táknmynd frelsisins.

Illouz bendir á að rómantísk ást hafi í upphafi tuttugustu aldar orðið sýnilegri í almennarýmínu, atlot sést á almannaferi og stefnumót farið fram á opinberum stöðum. Á sama tíma urðu konur sýnilegri á öllum sviðum samfélagsins, með auknum réttindum og auknu frelsi urðu þær meiri gerendur, bæði í eigin lífi og hinu opinbera. Ástin varð táknmynd þessa frelsis, konur voru ekki eignir sem þurftu að gæta velsæmis heldur frjálstar til að leita lífsamingju á eigin forsendum. Konurnar í ástarsögnum, hvort sem þær eru á kvikmyndatjaldi eða í bók, eiga það hins vegar sameiginlegt, hvort sem þær eru sterkir gerendur eða ljúfar ástarveitur, að rómantíska ástin fellir þær að lokum í faðm karlmanna og hið vel þekkta menningarminni „hamingjusöm til æviloka“ er gefið sterklega í skyn. Þannig fengu konur þau skilaboð jafnhliða auknum réttindum sínum að hamingjan og lífsfyllingin byggji í ástarsambandi sem hlaut að enda í hjónabandi, einmitt á því tímabili í sögunni þegar það var skyndilega nánast orðið valkvætt fyrir konur að sleppa því hlutverki að vera eiginkonur og mæður. Þessu má líkja við orð Naomi Wolf

³⁴ Sama heimild, bls. 121.

³⁵ Anna G. Jónasdóttir, „The Difference that Love (Power) makes“, bls. 20.

³⁶ Menelaos Apostolou, Jiaqing O og Gianluca Esposito, „Singles' Reasons for Being Single. Empirical Evidence From an Evolutionary Perspective“, bls. 2.

um að fegurðarmýtan sé andsvar markaðarins og feðraveldisins við auknu frelsi, læsi og frítíma miðstéttarkvenna sem fengi þær mögulega til að hugsa of mikið.³⁷

Markaðurinn kynnir þannig til sögunnar ný markmið, hvort sem það er útlitslega eins og Wolf segir eða með loforðum um dásemdir rómantískrar ástar eins og Illouz bendir á. Samhliða auknu frelsi kvenna til að velja sjálfar þau hlutverk sem þær kjósa að gegna eykst áherslan á að fá þær til að velja að halda áfram að veita gjaldfrjálst af ást sinni með því að telja þeim trú um að það sé hluti af frelsi þeirra.

Ástin er ævintýri

Sögur um ástina eru sagðar með margvíslegum hætti. Hugmyndin um rómantíska ást hefur náð fótfestu í barnaefni, sem þrátt fyrir framfarir í kvenréttindum er sorglega kynjaskipt karlkyns persónum í vil.³⁸ Við beinum nú sjónum að barnaefni sem ætlað er stúlkum og hefur gríðarlega mótandi áhrif á hugmyndir þeirra um framtíð og örlög,³⁹ Disney-prinsessumyndum þar sem umfjöllunarefnið er nánast undantekningarlaust hin rómantíska ást. En ástarsögurnar eru ekki bara sagðar börnum. Til að sýna hversu vel hin dæmigerða ástarsaga hefur haldið sér þrátt fyrir breyttan tíðaranda á ýmsum sviðum verður ástarsagan í einni af fáum nýjum kvikmyndum sem komu fyrir sjónir heimsins árið 2020, *Eurovision Song Contest. The Story of Fire Saga*, einnig könnuð. Bæði þessi viðfangsefni eru rýnd með aðferð orðræðugreiningar, en hún byggir á þeirri hugmynd að öll orðræða, hvort sem hún birtist í listsköpun, fjölmiðlum eða á netinu, sé ýmist birtingarmynd þess eða í samtali við það sem gerist í samfélaginu.⁴⁰

Dæmin eiga það sameiginlegt að tilheyra dægurmeningunni, menningariðnaðinum sem Horkheimer og Adorno er svo tíðrætt um. Þau spanna vítt tímabil, sem sýnir hvernig orðræða ástarinnar og þrástef hennar hafa haldist

³⁷ Naomi Wolf, *The Beauty Myth*, bls. 15.

³⁸ Sjá tölfræði frá Geena Davis Institute on Gender in Media. Sótt 24. júní 2021 af <https://seejane.org/research-informs-empowers/gender-in-media-the-myths-facts/>.

³⁹ Christina M. Bachen og Eva Illouz, „Imagining Romance. Young People’s Cultural Models of Romance and Love“, *Critical Studies in Mass Communication* 13: 4/1996, bls. 279–308.

⁴⁰ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, „Leitað að mótsögnum. Um verklag við orðræðugreiningu“, *Fötlum. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*, ritstj. Rannveig Traustadóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfa, 2006, bls. 178–195.

óbreytt og að mörgu leyti eflst í takti við aukið jafnrétti kynjanna. Dæmin eiga það einnig sameiginlegt að þau þemu sem þar koma fram eru sjaldnast véfengd, enda er ástin sambærileg við trúarbrögð í tregðu okkar til að svipta hana þeirri upphafningu að hún verði ekki rædd eða skilgreind og í því að vald hennar sé ofar skilningi okkar. Við lesum því þessar ólíku ástarsögur saman og sitt í hvoru lagi, könnum hvaða þemu þær eiga sameiginleg og tengjum við kenningar Evu Illouz, Önnu Guðrúnar Jónasdóttur og Horkheimers og Adorno.

Hamingjusöm til æviloka

Myndmál ástarinnar í vestrænni menningu er auðþekktanlegt og táknmyndir hennar líka. Rauðar rósir þýða ég elska þig, en gulir túlpanar ekki; rómántískar helgarferðir eru farnar til Parísar en ekki Utrecht; ryksuga er skelfileg jólagjöf milli elskenda en demantar ekki. Þetta myndmál hefur markaðurinn bæði búið til og nýtt sér, eins og fjallað var um hér að framan þannig að við þekkjum ástina og rómantíkina orðalaust. Auglýsingar eru frábært dæmi um hvernig má nýta þetta myndmál og spyrða það við ótrúlegustu hluti. Við þurfum bara að sjá augnaráð, aðstæður, vöru og orðið „love“ skrifað í skýin til að vita að þar býr ástin. Sem dæmi má nefna auglýsingu með yfirskriftinni *Ástin er alls staðar* frá Pizza Hut sem tók að heyrast og sjást á haustmánuðum 2020 þar sem pizzan og ástin eru samanspyrt.⁴¹ Neyslan er þannig tengd ástinni; bæði sem drifkraftur og lokamarkmið.

Disney er eitt stærsta menningariðnaðarfyrtæki veraldar. Það nýtir sér hugmyndina um rómántíska ást til markaðssetningar en á nokkuð ólíkan hátt en auglýsendurnir í dæminu hér að ofan. Í laginu *Mad at Disney*,⁴² sem kom út 24. júlí 2020 og hefur verið streymt oftar en tveimur milljón sinnum á Spotify og horft á 23 milljón sinnum á YouTube, syngur ung söngkona, Salem Ilese, um það væntingahrún sem fullorðinsárin færðu henni eftir að hún hafði verið alin upp frá blautu barnsbeini á boðskap ævintýraveldisins Disney um ástina, sem sýnir glögg þau áhrif sem hér eru til umfjöllunar. Við vörpum því ljósi á rætur þessara ævintýra og hvernig þau kenna ungum

⁴¹ PiparTBWA, „Pizza Hut – Ástin er alls staðar“, 2020, sótt 24. júní 2021 af <https://www.youtube.com/watch?v=S5xouGZxTmk>.

⁴² Í textanum segir: „I’m mad at Disney, Disney/ They tricked me, tricked me/ Had me wishing on a shooting star/ But now I’m twenty something/ I still know nothing/ About who I am or what I’m not/ ... What the hell is love supposed to feel like?“.

stelpum markvisst hvert þeirra hlutverk er þegar kemur að ástinni.⁴³

Fyrir á öldum urðu til ævintýri sem miðuðu að því að setta ungar stúlkur við það hlutskipti sitt að vera ungar gefnar ókunnugum manni, jafnvel gömlum og ófrýnilegum, og fluttar inn á heimili hans í framandi aðstæður þar sem þær voru jafnvel ekki velkomnar. Sögurnar snerust um það hvernig unga konan leysti ýmsar þrautir og vandamál og vann sér þannig inn velvild, og jafnvel væntumþykju, eiginmannsins sem hafði burði til að vernda hana gegn þeim öflum (tengda-/stjúpmæðrum til að mynda eða stjúpstrytum) sem vildu henni illt, eins og Öskubuska er eitt besta dæmið um.⁴⁴ Á Vesturlöndum hafa skipulögð hjónabönd, þar sem kona kemur ekki að vali á eigin maka, að mestu lagst af. En þessi gömlu ævintýri lifa góðu lífi í menningunni og við segjum litlu stúlkunum okkar þau enn og kennum þeim þar með að það að öðlast ástir karlmanns sé það mikilvægasta sem nokkurri konu geti hlotnast. Eitt af sterkustu vörumerkjum Disney-samsteypunnar eru „prinsessurnar“, samansafn kvenpersóna úr teiknimyndum fyrirtækisins sem eiga það sameiginlegt að söguþráður myndanna er byggður á ævintýrum sem í langflestum tilfellum fylgja sömu uppbyggingu: prinsessan (sem er reyndar alls ekki alltaf konungborin í upphafi en hlýtur titilinn með því að vera valin af prins) sigrast á erfiðleikum vegna persónueinkenna sinna sem eru „kvenleg“; til dæmis hógværð, fórnfýsi, sátt við hlutskipti sitt þó hana dreymi um eitthvað betra, umönnunargleði, glaðlyndi/skapleysi og að sjálfsögðu óumdeilanleg og stöðluð útlitsfegurð.⁴⁵ Styrkleikar prinsessunnar felast fyrst og fremst í því hvernig hún nýtir ástarkraft sinn og umbunin og helsta keppikeflið er ástin, langoftast rómantísk, og þó að í tveimur af þremur nýjustu Disney-myndum þar sem prinsessur koma við sögu hafi ástin milli mæðgna og systra verið kynnt sem aðalatriði var rómantísk ást samt í forgrunni og driffjöður framvindunnar.

Áður en lengra er haldið skal kynna prinsessurnar til sögunnar, hvenær þær líta dagsins ljós og hverjir helstu ástar-/ofurkraftar þeirra eru. Prinsessurnar sem falla undir prinsessuvörumerki Disney eru eftirfarandi:

⁴³ Rétt er að taka fram að gríðarlegu fræðilegu púðri hefur verið varið í rannsóknir á því hvernig Disney prinsessur hafa mótað viðhorf stelpna og kvenna til sjálfra sín og heimsins. Hér er verið að skoða þær út frá kenningum Önnu G. Jónasdóttur og Evu Illouz um ástarkraftinn sem hefur ekki verið gert áður.

⁴⁴ Alan Dundes, *Cinderella. A Casebook*, Madison WI: The University of Wisconsin Press, 1998.

⁴⁵ Julie C. Garlen og Jennifer A. Sandlin, „Happily (n)ever after. The cruel optimism of Disney’s romantic ideal“, *Feminist Media Studies*, 17: 6/2017, bls. 957–971.

Prinsessa	Nafn og ártal myndar	Ástarkraftur
Mjallhvít	<i>Snow White and the Seven Dwarfs</i> 1937	Góð við dýr, heldur heimili, veitir dvergum tilfinningalegan stuðning
Öskubuska	<i>Cinderella</i> 1950	Annast dýr og stjúpustur, veitir prinsi tilgang
Þyrnirós	<i>Sleeping Beauty</i> 1959	Góð við dýr og fólk, veitir prinsi tilgang
Aríel	<i>Little Mermaid</i> 1989	Bjargar prinsi, fórnar rödd fyrir hann
Fríða	<i>Beauty and the Beast</i> 1991	Fórnar sér fyrir föður, menningar skrímli og bjargar með tiltrú og tilfinningalegum stuðningi
Jasmín	<i>Aladdin</i> 1992	Bjargar föður, gefur prinsi tilgang
Pocahontas	<i>Pocahontas</i> 1995	Bjargar prinsi, fórnar öllu til að fylgja honum
Mulan	<i>Mulan</i> 1998	Bjargar föður frá herskyldu
Tiana	<i>The Princess and the Frog</i> 2009	Bjargar prinsi, bókstaflega og með tilfinningalegum stuðningi
Garðabráða	<i>Tangled</i> 2010	Bjargar prinsi og gefur honum tilgang
Merida	<i>Brave</i> 2012	Bjargar móður
Moana	<i>Moana</i> 2016	Bjargar náttúrunni
Elsa og Anna ⁴⁶	<i>Frozen</i> 2013 og <i>Frozen 2</i> 2019	Bjarga hvor annarri

⁴⁶ Það kom okkur á óvart að ástsælustu prinsessur samtímans, systurnar Elsa og Anna, teljast ekki með hinum einu sönnu Disney-prinsessum. Disney gefur engar skýringar á því hvers vegna svo er en ýmsar getgátur hafa komið fram, meðal annars að ástæðan sé sú að söguþræðir þeirra systra snúast ekki fyrst og fremst um rómantíska ást sam-anber Shaun O'Neill, „Frozen. Why Anna & Elsa Are NOT Disney Princesses“, birt 15. apríl 2020, sótt 20. nóvember 2020 af <https://screenrant.com/frozen-anna-elsa-not-disney-princesses-reason/>. Þær fá samt að fljóta með í prinsessuhópnum í þessari greiningu.

Ástin birtist í formi karlmanns, prins, sem ýmist mætir á hvítum hesti (bókstaflega) eins og í *Mjallbvíti* og *Pyrnirós* til að bjarga málum eða rekur á fjörur prinsessunnar eins og í *Litlu hafmeyjunni*. Myndirnar eiga það flestar sammerkt að til að öðlast ástir prinsins verður prinsessan að færa fórnir eða lenda í háska, leysa þrautir án þess að vita hvort útkoman verður henni í hag og síðast en ekki síst, fórna hluta af sjálfri sér. Þannig gefur Ariel rödd sína án þess að vita hvort hún fær hana til baka, Fríða fellur fyrir Dýrinu án þess að vita að innra með því býr prins og Pocahontas yfirgefur allt líf sitt til að fylgja John Smith. Þær eru þó fram eftir öllu sjaldnast raunverulegir gerendur í eigin lífi; þrátt fyrir yfirborðssjálfstæði og stöðu sína sem aðal-söguhetjur eru þær samt háðar þeim skilyrðum að það þarf karlhetju til að bjarga þeim.⁴⁷

Það má skipta prinsessumyndunum í þrennt eftir því á hvaða tímabilum þær eru gerðar. Fyrstu þrjár, *Mjallbvit*, *Öskubuska* og *Pyrnirós*, eru gerðar árin 1937, 1950 og 1959. Svo var ekki gerð prinsessumynd fyrr en *Litla hafmeyjan*, Ariel, synti til lands árið 1989 og í kjölfarið komu fjórar prinsessur á næstu níu árum, Fríða í *Fríðu og dýrinu*, Jasmín, sem er reyndar aukapersóna í sögunni af *Aladdin*, og loks *Pocahontas* og *Mulan* í samnefndum myndum. Síðan kom tíu ára hlé til 2009 þegar Tiana í *Prinsessan og froskurinn*, Garðabrúða í *Tangled*, Merida í *Brave*, *Moana* í samnefndri mynd og systurnar Anna og Elsa í *Frozen* litu dagsins ljós. Það er forvitnilegt að skoða aðeins birtingarmyndir prinsessanna. Hafa ber í huga að þó elstu myndirnar hafi verið gerðar fyrir allt að áttatíu árum með því gildismati og kvenmyndum sem þá voru í fyrirrúmi eru prinsessurnar markaðssettar sem heild.⁴⁸ Allar myndirnar eru því undir þegar kemur að því að skoða áhrifin sem þessar fyrirmyndir hafa á litlar stúlkur, jafnt þær elstu með sínum boðskap og hinar nýrri. Skilaboð Disney til kvenna í dag eru þau sömu og árið 1937: Gifstu rétta manninum og lifðu hamingjusöm til æviloka.⁴⁹

⁴⁷ Jacqueline M. Layng, „The Animated Woman. The Powerless Beauty of Disney Heroines from Snow White to Jasmine“, *The American Journal of Semiotics* 17: 3/2001, bls. 197–215, Jill Birnie Henke, Diane Zimmerman Umble og Nancy J. Smith, „Construction of the Female Self. Feminist Readings of the Disney Heroine“, *Women's Studies in Communication* 19: 2/1996, bls. 229–249.

⁴⁸ K. Buck, „Finding the Glass Slipper. A Feminist Analysis of the Disney Princess Films“, *storyofaphoenix*, 15. desember 2014, sótt 20. júní 2020 af <https://storyofaphoenix.wordpress.com/2014/12/15/finding-the-glass-slipper-a-feminist-analysis-of-the-disney-princess-films/>.

⁴⁹ Jacqueline M. Layng, „The Animated Woman. The Powerless Beauty of Disney Heroines from Snow White to Jasmine“, bls. 197–215.

Elstu prinsessurnar eru ljúfar og kvenlegar, þær sinna heimilisstörfum með létrri lund, eru glaðlyndar þrátt fyrir mótlæti, eiga auðvelt með að umgangast dýr og eiga erfitt með að trúa því að nokkur gæti viljað þeim illt þó allt bendi til annars. Sökum þessa sakleysis lenda þær í háska sem enginn getur leyst þær úr nema prinsinn sem bjargar þeim með sönnum ástarkossi af því að hann elskar þær vegna fegurðar þeirra og geðþrýði, nánast án þess að hafa hitt þær. Þær geta sem sagt bókstaflega ekki lifað nema einhver verði ástfanginn af þeim. Prinsessurnar frá miðtímabilinu bera þess merki að sitt-hvað gerðist í jafnréttisbaráttu frá 1959 til 1989. Prinsessurnar eru af ólíkum uppruna og kynþáttum, og taka stjórn á lífi sínu í trássi við feðraveldið sem í flestum þessara tilfella er bókstaflegt, það er þær óhlýðnast feðrum sínum til að elta drauma sína. Það er þó vert að benda á að draumarnir snúast um ástina, það að ná ástum karlmanns/prins er allra fóna virði. Í tilfelli Fríðu og Mulan eru feðurnir reyndar lasburða og dæturnar fóna sér því fyrir þá, Mulan með því að gegna herþjónustu í gervi karlmanns og Fríða með því að taka sæti föður síns sem gísl Dýrsins. Fríða hafnar í upphafi hugmyndum samfélagsins sem hún býr í um ástina og vill í staðinn fá að „elska bækur“ eins og segir í upphafslagin. Hún endar þó á því að verða ein af hættulegustu fyrirmyndum ungra stúlkna sem hugsast getur, þar sem henni tekst með ást sinni að breyta vondu, ógeðfelldu og ofbeldisfullu skrímsli í prins, stef sem er vissulega þekkt úr ævintýrunum eins og fram kemur í inngangi þessa kafla. Þrautseigja Fríðu við að sjá manninn í dýrinu verður eins konar uppskrift að óheilbrigðu og jafnvel lífshættulegu ástarsambandi því í raunveruleikanum er hætt við því að líkurnar á því að dýrið verði að prinsu séu mun minni en í Disney-mynd.

Prinsessurnar frá miðtímabilinu eiga það allar sammerkt að ástarkraftur þeirra fer í að bjarga prinsunum úr lífshásku. Þær eru sjálfstæðari og kraftmeiri gerendur í lífum sínum en prinsessurnar frá fyrsta tímabilinu, enda þurfa þær engan prins til að bjarga sér. Þær eru „frjálsar“ til að velja og „velja“ langflestar að nýta krafta sína í þágu prinsanna með rómantíska ást að launum. Þessar myndir, sem eru gerðar á svipuðum tíma og Anna G. Jónasdóttir setur fram kenningar sínar um ástarkraftinn, eru í raun kristalstær birtingarmynd þeirra kenninga.

Í þriðja flokknum eru svo Garðabrúða úr myndinni *Tangled*, Merida sem er aðalsöguhetjan í *Brave*, Moana í samnefndri mynd og systurnar Elsa og Anna í *Frozen*, en þeim hefur verið fagnað mjög af kvenréttindasinum, þar sem prinsessurnar þar eru sjálfstæðar og með ýmis önnur markmið í lífinu en að öðlast ástir prinsins. Ást, ástarviðfang og ástarsamband eru þó aldrei

langt undan og prinsarnir verða ómissandi hluti atburðarásarinnar, meira að segja í *Brave* þar sem söguþráðurinn spinnst út frá þrá móður Meridu til að finna henni æskilegt mannsefni. *Frozen* er undantekning en söguþráðurinn enn sem fyrr drifinn af hugmyndinni um rómantíska ást sem birtist Önnu í líki prins sem reynist vera skrímsli en ekki öfugt eins og í *Fríða og dýrið*. Elsa er reyndar óháð rómantískri ást og í því ljósi er athyglisvert að hún virðist einnig vera eina prinsessan sem höfðar til lítilla drengja jafnt og lítilla stúlkna. Þá ber að geta þess að söguþráðurinn í *Moönu* er, eins og Moana sjálf, algerlega laus við rómantíska ást.

Með því að lesa í þessa tímalínu frá 1937 má vissulega sjá jákvæða þróun. Prinsessurnar verða smám saman sjálfstæðari, þær eru af fleiri kynþáttum og þar af leiðandi fá fleiri fegurðarsjónarmið að njóta sín en þó kannski ekki í raun og veru, þar sem líkamsvöxtur þeirra allra og andlitsfall eru keimlík. Engin prinsessanna er til dæmis lágvaxin, feit eða ófríð (ekki einu sinni súa sem er fiskur þó að hún reyndar breyti útliti sínu stórkostlega til að reyna að vinna ástir prinsins). Prinsessurnar hafa einn ofurkraft og það er ástin. Þær ýmist öðlast ást vegna þess að þær reynast hennar verðar, eða breyta örlögum sínum með því að elska heitt, samanber augnablikið þegar ástartár Fríðu fellur á blóðugan feld skrímslisins og afléttir álögnum sem það var hneppt í.

Skilaboðin sem liggja í prinsessumyndunum, sögunum sem við fóðrum dætur okkar á frá því áður en þær hætta með bleyju, eru skýr: Ástin er það sem skiptir máli í lífinu og til að öðlast hana þarftu að leysa ýmsar þrautir, því kona er aldrei nóg eins og hún er til að vera þessarar ástar virði. Dætur okkar læra að þeim ber að nota ástarkraft sinn í þágu prinsna. Synir okkar fá ekki þessi skilaboð þó vissulega séu til söguþræðir í frásagnarheimi Disney þar sem rómantísk ást eða í rauninni ástarkraftur kvenna fær karlhetjur eins og Tarzan og Herkúles til að verða betri menn.⁵⁰ Í prinsessumyndunum eru prinsarnir yfirleitt ekki í aðalhlutverki eða til að taka til fyrirmyndar og prinsessurnar höfða almennt ekki til stráka frekar en aðrar kvenhetjur.⁵¹ Þeir

⁵⁰ Amy S. Davis, *Handsome Heroes and Vile Villains. Masculinity in Disney's Feature Films*, Indiana: Indiana University Press, 2014, bls. 71.

⁵¹ Elsa í *Frozen* er eina prinsessan sem virðist höfða til lítilla drengja jafnt og lítilla stúlkna sem er athyglisvert í ljósi þess að hún er súa eina af prinsessunum sem er bæði sjálf og í söguþræði sínum alveg óháð rómantískri ást, jafnvel að því marki að hún er af LBG7QIA-samfélaginu talin vera ýmist samkynhneigð og þó kannski enn frekar eikynhneigð (e. *asexual*) og eirómantísk (e. *aromantic*). Sjá nánar Anthony Gramuglia, „Frozen 2. Fans Thought Elsa Might Be Gay, But She May Be Asexual Instead“, 4. desember 2019, sótt 24. júní 2021 af <https://www.cbr.com/frozen-2->

læra ekki hvernig á að vera prins⁵² og má velta fyrir sér hverju það skilar í samskiptum kynjanna þegar á fullorðinsár er komið, vegna þess að skilaboðunum úr Disney-myndunum er kirfilega haldið við þegar stúlkur vaxa úr grasi. Þau fylgja þeim úr unglíngamyndum og yfir í sjónvarpsefni fyrir fullorðna og „rómantískar gamanmyndir“.

Ástin sigrar

Eins og fjallað var um í fyrri kafla er staða kvenna og karla á sambandsmarkaði ójöfn af ýmsum sökum. Þegar ofan á bætist það sem fram kemur hér að framan, hvernig litlum stúlkum er beinlínis kennt kerfisbundið að það sem veiti þeim gildi sé ást karlmanns, er ekki skrýtið að þær upplifi sig alltaf í skortstöðu á markaði þar sem karlmenn hafa of mikið val en konur of fáa valkosti.⁵³ Þær eru því líklegri til að setta sig við mun lakari kosti en þær myndu gera ef þær stæðu jafnfætis karlmönnum á sambandsmarkaðinum og undir það er ýtt með fjölda kvikmynda og sjónvarpsþátta þar sem gullfallegar og hæfileikaríkar konur falla fyrir ljótum og leiðinlegum og gjarna miklu eldri mönnum. Hér má sjá ákveðið gildisfall í beinu samhengi við kenningar Illouz um offramboð á konum, prinsarnir þurfa ekki lengur að vera prinsar, það er nóg fyrir þá að vera ekki sjáanlega ómenni til að prinsessurnar sem uppfylla alla kosti sem konu geta prýtt (og hafa mjög mikið fyrir því) falli fyrir þeim og þrái þá.⁵⁴ Hér er of langt mál að telja upp það dægurmenningarefni sem fylgir þessum söguþráði⁵⁵ en ekki þarf að seilast langt inn í fortíðina til að finna söguþráð sem styður við þessa greiningu; nýlegt dæmi er ástarsöguþráðurinn í stórmyndinni *Eurovision Song Contest. The Story of Fire Saga* sem frumsýnd var á Netflix í júnílok 2020.

Þótt myndin sé að mörgu leyti galsafengin og söguþráðurinn fáránlegur er ástarsagan afar hefðbundin. Lars, sem er bæði ófríður og hæfileikafár, á óskipta ást hinnar fögru og hæfileikaríku Sigrítar, og það gersamlega að því er virðist án þess að þurfa að vinna nokkuð fyrir henni, eins og sjá má

fans-thoughtelsa-might-be-gay-but-she-may-be-asexual-instead/.

⁵² Peggy Orenstein, „What’s wrong with Cinderella?“ *New York Times*, 24. desember 2004, sótt 15. september 2021 af <https://www.nytimes.com/2006/12/24/magazine/24princess.t.html>.

⁵³ Eva Illouz, *Why Love Hurts*, bls. 6.

⁵⁴ Sama heimild, bls. 139.

⁵⁵ Hér mætti til dæmis nefna flestallar kvikmyndir Woodys Allen, Bens Stiller og Wills Ferrell og svo sjónvarpsþáttaðir eins og *Everybody Loves Raymond*, *King of Queens* og *Simpsons* svo örfá dæmi séu tekin.

strax í byrjun myndarinnar þegar móðir hennar, eins og fleiri í gegnum alla myndina, spyr hvað í ósköpunum hún sjái við hann. Fyrir röð tilviljana fara þau sem fulltrúar Íslands í Eurovision í Edinborg. Þar slær Sigrít í gegn en velur að fara aftur heim á Húsavík með Lars þar sem eina markmið hennar með hæfileikum sínum er að vinna ástir hans og eignast með honum barn. Hún er auðmjúk og þrautseig og lætur alla höfnun sem vind um eyru þjóta. Lars tekur aftur á móti ekki einu sinni eftir því hversu mikið hún leggur sig fram við að láta drauma hans rætast, tekur ást hennar og öllu framlagi sem sjálfsögðum hlut, hafnar henni á þeim forsendum að draumar hans séu meira virði en draumar hennar, og það er ekki fyrr en hann uppgötvar samkeppni frá rússneska keppandanum og algert skipbrot eigin framadraumna að hann áttar sig á því að hann elskar hana. Virði hennar er þá skilgreint af öðrum karlmanni, sem minnir á orð Evu Illouz um að bæði karlar og konur taki meira mark á skoðunum og virðismati karla.⁵⁶

Sigrít er skýrt dæmi um ástarveitu eins og henni er lýst hjá Önnu G. Jónasdóttur, hún styður Lars í hvívetna án þess að ætlast til nokkurs í staðinn, hún elskar hann alveg óháð því hvernig hann er eða hvað hann gerir fyrir hana, kröfufalaust. Honum finnst ástarkraftur hennar svo sjálfsagður að hann tekur ekki einu sinni eftir honum og honum dettur aldrei í hug að hennar list sé jafnmerkileg eða merkilegri en hans. Vegna ástar sinnar á honum og þeirra yfirburða sem hann hefur í samskiptum þeirra, þar sem Sigrít vill fá ást hans og gefur honum skilyrðislausu ást á meðan hann sér hana aðeins sem féлага og nauðsynlega samferðakonu í átt að markmiði sínu, fá hæfileikar hennar aldrei það vægi sem þeir eiga skilið fyrr en í lokin þegar hún fórnar glæstum framtíðarmöguleikum, sátt og sæl við hið eina hlutskipti sem hún óskar sér: Að vera ástarveita og uppalandi.

Þessi ástarsaga, enn endurtekið stef úr prinsessumyndunum, sjónvarpsþáttum og dægurlögum, sýnir svo ekki verður um villst að hamingja konu hvílir í faðmi karls og að það að fá að veita honum af ást sinni er meira virði en allur frami í heiminum.

Dæmin sem hér eru tekin eru sundurleit, eins og getið var um í upphafi kaflans, bæði frá ýmsum tímabilum og ólík að formgerð. Þau eiga það sameiginlegt að sýna okkur sama sjónarhornið á rómantíska ást: Hún er mikilvægur og nauðsynlegur drifkraftur í samfélaginu og kynin njóta hennar og neyta á ólíkan hátt: konur í flestum tilfellum sem veitendur og gerendur og karlar sem njótendur og þiggjendur. Konurnar í þessum dæmum sýna ást

⁵⁶ Eva Illouz, *Why Love Hurts*, bls. 137.

sína í verki: Með því að leysa þrautir með ástarkrafti sínum eins og prinsessurnar, fórna af fúsum og frjálsum vilja veraldlegri umbun eins og Sigrít og þóknast manni sínum og annast þarfir hans, bæði fagurfræðilega, sem stöðutákn, tilfinningalega og líkamlega. Það er sama hvar gripið er niður í dægurmenningu tuttugustu aldar, alls staðar er að finna sterka hneigð til markaðssetningar og einsleitrar framsetningar á rómantískri ást. Í raunveruleikanum er ekki að sjá að nútímakonur græði á því að vera uppteknar og jafnvel helteknar af rómantískri ást en þó er hugmyndinni um ástina haldið að konum úr öllum áttum. Á móti er þeirri hugmynd að konur hugsu ekki um annað en að öðlast ástir karlmanns haldið að báðum kynjum.

Á valdi ástarinnar

Ástin hefur löngum verið sýnd sem reynsla sem heltekur og sniðgengur viljann, sem ómóttstæðilegur kraftur sem ómögulegt er að stjórna.⁵⁷

Markaðshugmyndin um rómantíska ást byggir á þversögnum. Hér drögum við saman það sem þessi hugmynd felur í sér, fyrir markaðinn og hagkerfið, í einkalífi og nánnum samskiptum, í eftirfarandi greiningarramma:

- Eftirsóknarverð og óraunsæ markmið: Ástin á sér þröngt skilgreindan útópískan ramma. Þar á að vera spenna en samt öryggi, friður en samt óróleiki og sátt sem er samt ekki varanleg í sjálfri sér heldur þarf stöðugt að viðhalda með einhverjum ytri hjálparmeðulum. Útlitið skiptir ekki máli en samt skiptir máli að líta vel út, efnahagur skiptir ekki máli en samt er rómantik bundin fjölda efnislegra þátta, þú átt að vera þú sjálf/ur en breyta þessu sjálf í eitthvað sem öðrum gæti fallið í geð. Stöðugt er leikið með hugmyndina um frelsi í sambland við stífar og ófrávíkjanlegar „tillögur“ um hvernig því frelsi skal varið og þannig verða til mótsagnir sem ekki er möguleiki að uppfylla allar í senn.
- Skilgreindar og að því er virðist auðsóttar lausnir: Þessi óvissa um hvernig á að öðlast það sem er búið að markaðssetja sem eftirsóknarverðast af öllu gerir það að verkum að allar uppástungur um eitthvað áþreifanlegt sem gæti mögulega fært fólk nær þessu markmiði og

⁵⁷ Eva Illouz, *Why Love Hurts*, bls. 18.

hægt er að eignast í föstu formi gegn raunverulegu gjaldi í bein-hörðum peningum eiga greiðan aðgang að neytendum.

- Viðhald hins óáþreifanlega: Vonbrigðin sem felast í því þegar í raunverulegt ástarsamband er komið með raunverulegu fólki sem til dæmis leysir vind og fer úr hárum (vegna þess að hin upphafna hugmynd gerir aldrei ráð fyrir slíkri hegðun) skapar enn meiri ófullnægju, sem greiðir leiðina fyrir meiri innkaup á varningi sem ýmist gæti endurheimt upphaflegu alsæluna, lagað meltingu og stöðvað hárlós eða skapað betri möguleika með öðrum einstaklingi.

Loforð ástarinnar er að uppfylla allar þarfir okkar en eðli kapítalismans og viðhald hans felur í sér að ala á ófullnægju sem gerir neytendur varnarlausari fyrir gylliboðum. Hin kyrrláta „tengslaást“ sem fullnægir þörfum er því í andstöðu við kapítalismann, sem bregst við með því að innlima ástina í neysluna. Ástin verður minna virði ef ekki fylgir neysla og hugmyndin um hana verður eins og um varning sé að ræða, eitthvað sem hægt er að öðlast gegn réttu gjaldi. Samt er hún um leið óáþreifanleg og hið „réttu gjald“ óskilgreint.

Kapítalisminn hefur tekið myndmál rómantísku ástarinnar yfir og búið til stórar og óraunhæfar væntingar sem raunverulegt fólk getur aldrei uppfyllt en á samt „skilið“ að upplifa. Þannig er unnið markvisst að því að skapa stöðuga ófullnægju sem heldur fólki lengur í voninni um hið fullkomna tilhugalíf, ýmist með mörgum eða ítreakað þeim sama, án þess að lokatakmarkinu sé nokkru sinni náð. Einnig er gefið til kynna að alls konar varningur sé gæddur eiginleikum sem ýmist laði að ást eða staðfesti að viðkomandi sé ástar virði. Þannig er sýnileiki ástarinnar gerður verðmætur með skilgreindum varningi. Útlitskröfur auka „markaðsvægi“ á ástarmarkaðinum og þá er stöðugt búið til óuppfyllt og óuppfyllanleg eftirvænting með bókum, tónlist, sjónvarpsefni og kvikmyndum - loforð menningariðnaðarins sem aldrei verða uppfyllt.⁵⁸

Lögmál markaðarins gilda líka þegar kemur að rómantískri ást í öðru samhengi. Lögmálin um framboð og eftirspurn gilda í makaleit þar sem annað kynið, konur á barneignaraldri, skiptir út frá skortstöðu á ástar-/kynlífsmarkaðinum á meðan karlar vinna út frá hugmyndinni um offramboð.⁵⁹

⁵⁸ Max Horkheimer og Theodor W. Adorno, „Menningariðnaður. Upplýsing sem múgsefjun“, bls. 266.

⁵⁹ Eva Illouz, *Why Love Hurts*, bls. 139.

Þar á þessi ófullnægja og hamingjan sem alltaf er rétt utan seilingar einnig vel við. Eins og á hinum markaðinum, þeim sem höndlar með veraldlega hluti, er ófullnægjan einnig byggð inn í markaðstorg ástarinnar og verður til þess að karlar velja sig frá því sem kæmi þeim best, það er ástarsambandi þar sem kona veitir þeim af ástarkrafti sínum.

Á þessum markaði snýst allt um val. Konur koma inn á hann með tvöföld skilaboð í farteskinu; þær hafa verið undirbúnaðar allt lífið undir að vera ástarveitur í leit að varanlegu sambandi en jafnframt er ástin svo óáþreifanlegt afl og svo mikil list augnabliksins að það er ekki hægt að fara fram á neitt sem heitir skuldbinding og kona sem ber með sér að hún vilji slíkt tapar alltaf.⁶⁰ Þar sem hugmyndin um rómantíska ást felur það í sér að ástin lúti engum lögmálum, heldur sé náttúrulegumál sem „gerist bara“, eru konur mun oftar í þrengri stöðu á sambandsmarkaði. Ofuráhersla á æsku og feegurð kvenna og sú félagslega staða sem það að eiga maka og fjölskyldu veitir þeim er tilkomin vegna stöðugrar markaðssetningar á þessum hlutverkum ofar öðrum sem konum vissulega standa til boða í nútímanum. Hér má minna á þá vegsæmd og tækifæri sem Sigrit gefur fúslega upp á bátinn þegar Lars loksins velur að vera með henni, sem hann gerir ekki fyrir en útséð er um að honum bjóðist sambærileg tækifæri.

Það má segja að öll vötn markaðarins, bæði hins hagræna og hins persónulega, hnígi að því að fá konur til að velja að helga líf sitt því að elska karlmann. Enda er það svo að þrátt fyrir meinta „skuldbindingafælni“ karlmanna eru furðu margir karlmenn í ástarsamböndum einhvern og jafnvel stóran hluta ævinnar. Við vitum af hverju konur vilja vera í ástarsamböndum en miðað við markaðssettu hugmyndina um káta glaumgosann ættu karlmenn ekki að vilja það. En eins og við sjáum svo skýrt í kenningum Önnu Guðrúnar Jónasdóttur og Evu Illouz þurfa karlar á konum að halda. Karlmenn í ástarsamböndum við konur eru samkvæmt rannsóknum almennt heilbrigðari, hamingjusamari og langlífari en karlar sem eru ekki í ástarsambandi.⁶¹ Einmanaleiki er mun líklegri til að hrjá einhleypta karlmenn en einhleyptar konur, þar sem konur eiga auðveldara með að mynda og viðhalda tengslanetum sem er eitt af því sem felst í ástarkrafti þeirra,⁶² en nýleg rann-

⁶⁰ Eva Illouz talar í *Why Love Hurts* um „alvarlegar konur“, þær sem segjast á stefnumótaöppum eða stefnumótum vilja alvarlegt samband og eru bæði taldar auðveldari og eru auðsærðari fyrir vikið.

⁶¹ Eva Illouz, *Why Love Hurts*, bls. 68.

⁶² Berglind Rós Magnúsdóttir, „Umhyggjuhagkerfið og arðrán ástarkraftsins“, *Kjarninn* 9. apríl 2020, sótt 14. september 2021 af <https://kjarninn.is/skodun/2020-04-09-umhyggjuhagkerfi-ardran-og-astarkraftur/>.

sókn sýnir að meira en þriðjungur íbúa Vesturlanda þjáist svo mikið vegna einmanaleika að það má skilgreina sem heilsufarsógn⁶³. Í stuttu máli þurfa þeir á ástarkraftinum að halda því án hans veslast þeir upp og deyja. Á sama hátt þurfa konur á viðurkenningu að halda til að upplifa raunverulega lífsfyllingu.⁶⁴

Hér var rætt um prinsessuuppeldið þar sem verðlaun stritsins eru ástir prinsins og í samhengi við kenningar dr. Önnu G. Jónasdóttur viljum við velta því upp hvort þessi stöðuga skilyrðing lítilla stúlkna og fullvaxinna kvenna til þess að verða ástarveitur sé viðbragð feðraveldisins við auknu jafnrétti kynjanna sem myndi mögulega gera þær fastheldnari á ástarkraft sinn í ljósi aukins frelsis. Hér má líka velta aðeins fyrir sér stöðu karla, en þrátt fyrir þörf þeirra fyrir ástarkraftinn er þeim stöðugt beint frá tengslastigi ástarinnar og talin trú um að þeir séu frá náttúrunnar hendi til þess gerðir að forðast tengsl.⁶⁵ Í þessu samhengi er reyndar líka áhugavert að velta fyrir sér hvort karlar fái kannski alltaf eins konar ást með í kaupunum þegar þeir segjast, og telja sig, sækjast eftir kynlífi eingöngu, vegna þess að konur geti ekki notið skuldbindingalaus kynlífs án þess að veita af ást sinni og hvort sá ástarkraftur fleyti þeim milli örsambanda sem þeir sjálfir telji sér trú um að þeir upplifi sem eingöngu kynlíf. Þannig má velta fyrir sér hvort áhersla samtímans á kynlíf og kynlífsvæðingu sé að einhverju leyti til þess fallin að veita körlum ástarkraft án skuldbindingar.

Þrátt fyrir hina gríðarlegu áherslu á hugmyndina um rómantíska ást er raunin sú að æ fleiri Vesturlandabúar búa einir og/eða án rómantískra tenginga. Í ljósi þeirra ólíku væntinga sem karlar og konur fara með inn á markaðstorg ástarinnar er það ekkert skrítið. Rannsóknir sýna að þegar fólk velur að vera ekki í sambandi kjósa konur oftast að vera einhleypar af ótta við að verða særðar en karlar velja það helst til að geta stundað skuldbindingalaust kynlíf.⁶⁶ Konur fá þau skilaboð úr menningunni að rómantísk ást

⁶³ John T. Cacioppo og Stephanie Cacioppo, „The growing problem of loneliness“, *Correspondence* 391: 2018, bls. 426.

⁶⁴ Eva Illouz, *Why Love Hurts*, bls. 131

⁶⁵ Skuldbindingafælnir karlar eru nánast þrástef í dægurmenningu undanfarinna ára-tuga og má þar til dæmis telja Chandler Bing í sjónvarpsþáttaröðinni *Friends*, Barney Stinson í *How I Met Your Mother*, hinn síflýjandi Mr. Big í *Sex and the City* og froskinn Kermit í *Þrúðuleikurunum*. Við höfum áður rætt rannsóknir Helen E. Fisher mannfræðings þar sem sú mýta að karlmenn séu í eðli sínu skuldbindingafælnir er hrakin, en einnig má finna ítarlega úttekt á fyrirbærinu í bók Evu Illouz, *Why Love Hurts* í kaflanum „Commitment Phobia and the New Architecture of Romantic Choice“, bls. 59–109.

⁶⁶ Menelaos Apostolou, Jiaqing O og Gianluca Esposito, „Singles’ Reasons for Being

staðfesti gildi þeirra sem einstaklinga og þannig öryggi í samfélaginu en þær eru jafnframt miklu líklegri til að tapa á viðskiptum með hana. Hugmyndin um rómantíska ást vekur konum von um að ástarframlög þeirra verði metin að verðleikum og skili þeim jafnvel þeirri skilyrðislausu ást til baka sem staðfesti manngildi þeirra.⁶⁷ Þegar raunin er síðan ekki sú og kynin mætast með ólíkar væntingar á leikvangi ástar og sambands sem endar oftast en ekki í því að konur gefa af ástarkrafti sínum, jafnvel til einnar nætur, og karlar þiggja en veita ekki á móti, er ekki skrytið að konur kjósi að draga sig í hlé úr leiknum eftir að hafa jafnvel ítrekað tapað þrátt fyrir að leika eftir þeim reglum sem þær hafa lært frá blautu barnsbeini.

Eins og segir í kenningum Önnu Guðrúnar Jónasdóttur hefur ástarkraftur kvenna verið drifkraftur hins persónulega í samfélaginu öldum saman: fjölskyldunnar, fjölgunar og karla á sama hátt og vinnuaflið er drifkraftur hagkerfisins. Ást kvenna er ólaunuð og kraftur hennar ósýnilegur en óendanlega mikilvægur því án hans er ekkert samfélag. Í takt við aukið kvenfrelsi á tuttugustu öld fá konur meiri völd yfir lífi sínu og þannig möguleikann á því að velja í fyrsta skipti hvort þær kjósa að halda áfram að veita af þessum ástarkrafti.

Samfélagið bregst við með því að beina þeim skilaboðum til kvenna frá unga aldri að þær eigi að verða ástfangnar af körlum og búa til fjölskyldu, til að fá þær til að velja sjálfar að það sé frumtilgangur þeirra í lífinu þó þær megi sinna öðru með. Þeim skilaboðum er komið á framfæri með því að:

- búa til afþreyingarefni og barnaefni sem er einkum beint að stúlkum og konum þar sem þessar áherslur eru skýrar og laga það að straumum og stefnum í kvenfrelsi hverju sinni,
- tengja ást og rómantik við ýmislegt annað sem er eftirsóknarvert, eins og munað, ferðalög og svo framvegis,
- búa jafnframt til neyslumeningu kringum ást og rómantik eins og hvaða blóm, skartgripir og hegðun eins og stefnumót tilheyri og séu rétt hegðun í samhengi,
- breyta makaleitarreglum og setja upp markaðstorg með óskýrum og jafnvel engum reglum þar sem konur eru með þrengri skorður til að

Single. Empirical Evidence From an Evolutionary Perspective“, bls. 746.

⁶⁷ Eva Illouz, *Why Love Hurts*, bls. 121.

athafna sig og hreinlega er innrætt að þær vilji frekar en karlar upplifa rómantíska ást og hjónaband,

- koma inn ótta og kvíða um að konu takist ekki að uppfylla þá drauma sem hún hefur lært að séu hennar með því að búa til skortstöðu sem felst í því að karlar fá ekki sömu skilaboð um mikilvægi rómantískrar ástar. Kona telst því heppin ef hún finnur einhvern karl sem er tilbúinn til að uppfylla rómantíska drauminn með henni,
- fá þannig konur til að slá af kröfum sínum og setta sig við maka sem er til í að vera með þeim og stofna með þeim fjölskyldu en uppfyllir kannski ekki aðra drauma um hina rómantísku ást og er mögulega ekki jafnoki þeirra að atgervi.

Niðurstaða okkar er því sú að hugmyndin um rómantíska ást sé samfélagsleg goðsaga með flóknar sögulegar rætur. Hún er búin til með margvíslegum tólum markaðarins til að fá sjálfstæðar og frjálsar konur til að halda áfram launalauslu hlutverki sínu sem ástarveitur fyrir karla og umönnunaraðilar einstaklinga, fjölskyldutengsla og samfélaga. Þetta er gert með því að leggja ofuráherslu á rómantíska ást í menningarefni sem sérstaklega er beint að konum og stelpum og hafa konur sem hliðarpersónur sem einkum er ætlað að styðja karla eða vera ástarviðföng í menningarefni sem ætlað er strákum og körlum.

Lykilatriðið er að fá konur til að finnast að þær séu að velja sjálfar, samanber kenningar Horkheimers og Adornos um hvernig menningariðnaðurinn skapar allt í sinni mynd, með því að móta hugmyndir okkar um heiminn og væntingar okkar til hans. Í raun eru þessar hugmyndir skaðlegar og draga úr lífsgleði, afköstum og hamingju bæði karla og kvenna.

Hugmyndin um rómantíska ást hefur gegnt ýmsum hlutverkum gegnum tíðina. Hún hefur myndgert baráttuna fyrir frelsi í sögum elskenda sem buðu öllu birginn og einnig orðið birtingarmynd draumaframleiðslu sem er ekki í tengslum við raunveruleikann og stuðlar ekki að hamingju eða fullnægju en þeim mun heldur að neyslu og viðhaldi skaðlegs hagkerfis. Í dag virðist ein mikilvægasta ástæða viðhalds hennar og stöðu í hugmyndakerfi samtímans vera sú að halda konum við það efni að elska og annast karlmenn svo þeir fái betur blómstrað. Ef staðan er sú að konur tapa endalaust á ást sinni til karla, af hverju snúa þær ekki frá karlmönnum sem viðurkenningaraðilum og ástarveitendum og beina kröftum sínum og ást að sjálfum sér og hver

annarri? Lena Gunnarsson bendir á að slíku myndi fylgja áhætta og að konur ættu þá að beina meira af ást og stuðningi hver til annarrar á meðan karlar læra að þeir þurfa að elska meira sjálfir ef þeir vilja fá ást á móti.⁶⁸ Eva Illouz kallar á stífara regluverk í kringum kynferðisleg samskipti, hvort sem þau eiga að leiða til ánægjustunda, sambanda eða fjölskyldubyggingar, þar sem þessi samskipti eru svo mikilvæg þegar kemur að sjálfsvirðingu og sjálfsást.⁶⁹ Ef framboðið á ást kvenna er svo mikið að hún fellur í verði og konur eru þar af leiðandi í meiri hættu á að upplifa skort í ástarsambandi og örvæntingu utan þess er hugmyndin um rómantíska ást farin að valda konum meiri skaða en gagni og spurning hvort ekki sé kominn tími til að afbyggja hana.

Það skal ítrekað að hér hefur ekki verið fjallað um ástina sem slíka, þótt hún sé að mati höfunda vissulega til. Við höfum hins vegar kannað hvernig þráin eftir nánd og ást er notuð af menningariðnaðinum og feðraveldinu til að stjórna hegðun, með þeim árangri að árið 2020 er farið að spá fyrir um endalok ástarinnar. Þekking er vald. Dægurmenningin kennir stelpum og konum að það að öðlast ástir karlmanns sé æðsta viðfangsefni þeirra. Karlar læra af sömu menningu að ást kvenna sé nokkuð sem er svo sjálfsagt að þeim veitist að þeir geti verið nánast hvernig sem er og samt öðlast ást góðrar konu. Bæði kynin verða fyrir vonbrigðum. Vitneskja og meðvitund um hvernig hugmyndin um rómantíska ást er notuð til að ala á ófullnægju og stuðla að valdamisræmi er því mikilvæg þegar kemur að því að búa til betri heim.

Það er nauðsynlegt að konum verði gerð grein fyrir því að þær þurfi ekki að elska skilyrðislaust, þær megi setja skilyrði og mörk og krefjast virðingar og gagnkvæmni í ástarsamskiptum. Það er komið að því að við hættum að ala dætur okkar upp í því að rómantísk ást sé það markmið sem þær eiga fyrst og fremst að stefna að en byrjum jafnframt að kenna sonum okkar meira um hvað það felur í sér að vera í ástarsambandi á jafnréttisgrundvelli, bæði hvað varðar framlag til heimilisstarfa og til ástarbúskapar sambandsins. Þannig höfum við möguleika á að búa til réttlátara samfélag, betra samfélag, fullnægðara samfélag.

Aðeins með því að sjá í gegnum blekkinguna um rómantíska ást getur hin raunverulega ást fengið að njóta sín, ást sem er ekki skilgreind af þúsaldargömlum goðsögum og tímalausum auglýsingum á umbun staðalmyndanna

⁶⁸ Lena Gunnarson, „Loving him for who he is“, *Love. A Question for Feminism in the Twenty-First Century*, ritstj. Anna G. Jónasdóttir og Ann Ferguson, New York/London: Routledge, 2014, bls. 97–113.

⁶⁹ Eva Illouz, *Why Love Hurts*, bls. 247.

og neyslunnar heldur er skapandi og endurnýjandi afl í samfélagi milli jafnréttthárra einstaklinga sem tengjast og njóta hver annars.

ÚTDRÁTTUR

Í greininni er fjallað um hugmyndina um rómantíska ást eins og hún birtist í vestrænni menningu frá því á fyrri hluta tuttugustu aldar og til okkar daga. Spurt er hvort þróun hennar tengist auknu pólitísku og félagslegu valdi kvenna á tuttugustu öld og þeirri röskun sem í kjölfarið varð á valdajafnvægi kynjanna. Hugmyndin um vald rómantískrar ástar er rótgróin í menningu vestrænna samfélaga þar sem hún hefur lengi verið táknmynd frelsis en er í dag notuð til að markaðssetja og selja varning, vörumerki og hugmyndafræði. Rómantísk ást er einnig mikilvægur drifkraftur kynjakerfisins. Þar gengur ástarkraftur kaupum og sölum á markaðstorgi þar sem hallar mjög á annað kynið. Í greininni er sjónum beint að ýmsu dægurefni sem setur ástina og einkum hlutverk kvenna í forgrunn, þar á meðal kvikmyndum og sjónvarpsefni. Efnið er greint með aðferðum orðræðugreiningar og stuðst við kenningar Evu Illouz um hagræn áhrif markaðssetningar á rómantískri ást í ljósi kenninga Horkheimer og Adorno um menningariðnaðinn. Einnig eru tengsl slíkrar markaðssetningar við kenningar Önnu Guðrúnar Jónasdóttur um ástarkraftinn könnuð.

Lykilorð: Menningarfræði, kynhlutverk, markaðstorg ástarinnar, Disney prinsessur, dægurmenning, ástarkraftur

ABSTRACT

The Power of Love:

The Idea of Romantic Love in a Cultural and Feminist Context

This article discusses the idea of romantic love and how it manifests itself in modern Western culture from the beginning of the 20th century. It asks whether the development of the idea of romantic love in Western culture throughout the 20th century is connected to increasing social and political power of women. The idea of the power of romantic love is deeply rooted in the culture of Western societies, where it has been the symbol of freedom for a long time, but is at present used for marketing purposes, in merchandise, branding and ideology. The idea of romantic love is also an important factor in a gender system where love power is bought and sold at a marketplace where one gender deals from a weaker position. In the article we look at examples from popular culture, such as film and television where love,

and especially women's part in it, has a prominent role. We analyse the discourse from the point of view of Eva Illouz's theories on love as a factor in economy in the light of Horkheimer and Adorno's theories of the culture industry. We also look at the connection between such marketing and Anna Guðrún Jónasdóttir's theories on love power.

Keywords: Cultural studies, gender roles, love's marketplace, Disney princesses, popular culture, love power

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR

MA í menningarfræði frá HÍ, söngkona og fjölmiðlakona
brynbj@gmail.com

SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR

Prófessor í alþjóðasamskiptum
Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Oddi, Sturlugötu 3
102 Reykjavík
sbo@hi.is